

- 110** inn yfir Íslandi, eða yfirmaður hinnar evangelísku lútersku kirkju á Íslandi ef
 15. nóv. aðskilnaður verður milli ríkis og kirkju eða biskupsembætti lagt niður. 2. Þjóð-
 skjalavörður Íslands og 3. elsti afkomandi hjónanna Einars Jónssonar og Úlf-
 hildar Guðmundsdóttur frá Flekkudal, sem skipaður er í fast embætti á landi
 hér, en fari einhverntíma svo, að enginn fastur embættismaður af ætt þeirri sé
 skipaður í embætti hér, þá komi forstjóri Söfnunarsjóðs Íslands í hans stað.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Gert samkvæmt beiðni Einars skipstjóra Einarssonar fyrir andlát hans
 og með samþykki erfingja hans.

Mosfelli, 15. október 1932.

Guðm. Einarsson, prestur.

- 111** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Kirkjusjóð Borgarness“ út-
 8. des. gefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 8. desember 1932.
 Skipulagsskráin er þannig.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Kirkjusjóð Borgarness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjusjóður Borgarness. Er hann myndaður fyrir for-
 göngu Þorbergs Þorbergssonar trésmíðs í Borgarnesi, er gekkst fyrir því ásamt
 ýmsum þorpsbúum, að safna fé til hans með frjálsum framlögum, hlutaveltum,
 áheimtum, minningargjöfum o. fl., og skal stjórn sjóðsins afla honum tekna fram-
 vegis á sama hátt eftir því sem þörf krefur og ástæður leyfa. Sjóðurinn er nú
 að upphæð kr. 4881.55 — fjögur þúsund átt hundruð áttatíu og ein 55/100 —
 krónur.

2. gr.

Sjóðnum má einungis verja til kirkjubýggingar í Borgarnesi, og skal hann
 því ávallt vera til taks í handbærri sparisjóðsinnstæðu hvenær sem kirkjan þarf
 hans við, þó má ekki skerða sjóðinn svo, að ekki séu eftir af honum 100 — eitt
 hundruð — krónur, og skulu þær ávaxtast, ásamt þeim tekjum, sem sjóðnum
 kann að berast til viðbótar þeim, unz endurbyggja þarf kirkjuna; skal sjóðnum

þá varið til endurbyggingar hennar, að undanskildum 100 — eitt hundrað — krónum, er ávaxtist og notist á sama hátt, og svo kalli af kalli.

111
8. des.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er nú í höndum undirritaðra, en skipist þannig, er skipulagsskrá þessi hefir öðlazzt staðfestingu, að sjálfkjörinn verður presturinn á Borg, eða þjónandi prestur í Borgarnesi, og tveir menn, er löglegur safnaðarfundur hlutaðeigandi sóknar kys til þriggja ára í senn. Skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af sóknarnefndinni.

4. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Borgarnesi, 27. október 1932.

Magnús Jónsson. Björn Magnússon. Magnús Þorbjarnarson.

AUGLÝSING

til

fiskútflytjenda.

112
8. des.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum útgefnum 5. desember 1932, skipar ráðuneytið svo fyrir, að viðlögðum sektum samkvæmt lögnum, að ekki megi á tímabilinu 1. janúar til 1 apríl 1933 nema með samþykki Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, verkaðan né óverkaðan, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933.

Samningar um slíkan útflutning eða sölu úr landi eru því ógildir. Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1932.

Ólafur Thors.

Vígfús Einarsson.